

**BORG GRÍMSNESI.
SKÓLI OG STJÓRNSYSLUHÚS.
BYGGINGARLÝSING:**

Lýsing eignar:

Eignin skiptist í eftirfarandi hluta:
Íþróttahús með áhaldageymslu, miðrymi, búningsherbergi og sturtuklefar, tæknirými í kjallara, sundlaugar og pottar og útisvæði með útiklefum, geymslu og gufubaði.

Byggingarefni gófa, útveggja og þaka:
Gólf, tröppur og útveggir eru að jafnaði úr jámbentri steinsteypu. Útveggir eru einangraðir að innan með 100 mm frauðplasteinangrun. Á einangrun kemur 20 mm múrhula. Að utan eru steyptrir veggir að mestu húðaðir með steinsalla (steinaðir). Útveggir útiklefa eru gerðir úr einfaldri timburgrind með plötuklæðningu. Þessir veggir eru ekki einangraðir. Útiklefar eru á steyptri plötu. Þakvirki. Þak íþróttahúss er gert úr verksmíðjuframleiddum þakeningum ("Lett tak"). Einingarnar eru einangraðar og klæddar að ofan með þakdúk.

Á búningssklefum og steyptri geymslu/gufubaði er þak steyp með vatnshalla, klætt með þakpappa, einangrað með 200 mm frauðplasteinangrun og fergt með mól. Yfir miðrymi er hallandi spennuþak. Límréssperrur með ásum, 200 mm steinullareinangrun, 22 mm timburklæðning, pappi og klætt með 0,7 mm zinki sem læst er með tvöföldum standandi lásnum. Yfir einangrun er 25 mm loftbil sem tengist útlöftunarrásnum á langhlöðum. Þakdúkur er í flokki T.

Innveggir:
Innveggir sem ekki eru steyptrir eru gerðir úr gífsplötum á stálgrind. Grindarbil stálgrindar eru einangruð með steinull.

Gluggar:
Gluggar eru ál/trégluggar. K-gler er í öllum gluggum. U-gildi glerja í föstum gluggum skal ekki vera hærra en 1,5 W/m²K. Gler glugga sem snúa í sólaráttir verða sérstök "solstop" gler sem takmarka hilaálag sólar innandyra.

Klæðning innanhúss:
Klæðningar innanhúss eru í flokki 1.

Einangrun sökkla og plötu:
Botnplata og sökkjar eru einangraðir með 100 mm einangrun. Útveggir tæknirýmis í kjallara eru ekki einangraðir.

Lýsing lagnaleiða:
Inntök vatnskerta og rafagna eru í tæknirými í kjallara. Lagnaleiðir liggja frá tæknirými um lagnastokka á aðal hæð.

Upphitun:
Gert er ráð fyrir að upphitun byggingar verði almennt með hefðbundnu ofnakerfi. Möguleiki er þó á að sum rými verði með gólfhita.

Loftræsing:
Vélrænt útsog verður frá íþróttasal, boðum, snyrtingum og lokuðum rýmum.

Brunavarnir:
Á grunnmyndum eru upplýsingar um brunavarnir og flóttaleiðir. Í húsinu er sjálfvirk brunaviðvarnarkerfi. Handslökkvitæki eru staðsett við brunaslöngur. Brunaslöngur í baðrymum eru einnig spúl slöngur.

Sorp:
Skóli, stjórnsýsluhús, félagsheimili og sundlaug / íþróttahús verða með sameiginlegt sorpgerði.


Bilastæði:
Skóli, stjórnsýsluhús, félagsheimili og sundlaug / íþróttahús verða með sameiginleg bilastæði.



STIMPLREITUR:
Sigríður Magnúsdóttir

SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
HANS-OLAV ANDERSEN

Teiknistofan Tröð ehf
Laugavegi 28, 101 Reykjavík.
Sími: 562 8255 Fax: 562 8253
www.tst.is info@tst.is



BREYTING: DAGS: TEIKN:

EFNI: **AFSTÖDUMYND BYGGINGARLÝSING**
ÁFANGI: **ADALTEIKNINGAR**
MÆLIKVARDI: **1 : 500**
DAGSETNING: **01.06.05**
TEIKNINGARNÚMUR: **A3602 - 1010**
BREYTING: **00**

